Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna afnáms á uppreist æru – ákvæði í breytispori

1. gr. almenn hegningarlög

84. og 85. gr. falla brott

2. gr. - lög um kosningar til Alþingis

■ **5. gr.**

☐ Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.~~Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.~~

☐ ~~Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.~~

3. gr. lög um kosningar til sveitarstjórna

■ **3. gr.**

☐ [Kjörgengur í sveitarstjórn er hver sá sem á kosningarrétt í sveitarfélaginu skv. 2. gr., hefur ekki verið sviptur lögræði og hefur ekki hlotið óskilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir refsivert brot, frá þeim degi sem dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið.~~hefur óflekkað mannorð.~~

☐ ~~Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.~~

☐ ~~Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.]~~ [1]

~~[1] *L. 138/2011, 134. gr.*~~

4. gr. lög um dómstóla

■ **13. gr.** ***Almenn hæfisskilyrði.***

☐ Í Hæstarétti Íslands eiga sæti sjö dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra.

☐ Þann einn má skipa í embætti hæstaréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið.~~gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum.
7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem landsréttardómari, héraðsdómari, [lögmaður með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti], [1] prófessor í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í ráðuneyti því sem fer með málefni dómstóla og réttarfars eða

umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.

8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

☐ Í embætti hæstaréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

[1] *L. 117/2016, 77. gr.*

5. gr. lög um dómstóla

■ **21. gr.** ***Almenn hæfisskilyrði.***

☐ Í Landsrétti eiga sæti 15 dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra.

☐ Þann einn má skipa í embætti landsréttardómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 35 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið.~~gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum.
7. Hefur starfað í minnst þrjú ár sem … [1] héraðsdómari, [lögmaður með málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti], [2] prófessor eða dósent í lögum, lögreglustjóri, sýslumaður, saksóknari, ráðuneytisstjóri, skrifstofustjóri í ráðuneyti því sem fer með málefni dómstóla og réttarfars eða umboðsmaður Alþingis eða hefur um jafnlangan tíma gegnt öðru líku starfi sem veitir hliðstæða lögfræðilega reynslu.
8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

☐ Í embætti landsréttardómara má ekki skipa þann sem er eða hefur verið í hjúskap við dómara sem þar er skipaður fyrir eða skyldur slíkum dómara eða mægður að feðgatali, niðjatali eða öðrum lið til hliðar.

[1] *L. 90/2017, 2. gr.* [2] *L. 117/2016, 77. gr.*

6. gr. lög um dómstóla

■ **29. gr.** *Almenn hæfisskilyrði.*

☐ Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti héraðsdómara af ráðherra.

☐ Þann einn má skipa í embætti héraðsdómara sem fullnægir þessum skilyrðum:

1. Hefur náð 30 ára aldri.
2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
5. Hefur hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið.~~gerst sekur um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.
6. Hefur lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum.
7. Hefur í minnst þrjú ár verið alþingismaður eða stundað málflutningsstörf að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi hjá ríkinu eða sveitarfélagi en leggja má saman starfstíma í hverri af

þessum greinum.

8. Telst vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar.

7. gr. lög um dómstóla

■ **39. gr.** *Tilnefning og hæfi.*

☐ Dómstólasýslan tilnefnir hæfilegan fjölda manna með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sérsviðum þar sem reynir á slíka sérkunnáttu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti.

☐ Dómstólasýslan ákveður á hvaða fagsviðum sérfróðir meðdómsmenn skuli tilnefndir og hversu margir á hverju fagsviði. Sérfróðir meðdómsmenn skulu að jafnaði tilnefndir úr röðum umsækjenda að undangenginni opinberri auglýsingu eða eftir atvikum samkvæmt ábendingu dómara og skal dómstólasýslan ganga úr skugga um að þeir sem tilnefndir eru hafi fullnægjandi þekkingu og reynslu til að geta gegnt starfi sérfróðs meðdómanda í dómsmálum á viðkomandi sérsviði. Dómstólasýslunni er heimilt að tilnefna sérfróða meðdómsmenn til meðferðar einstaks máls.

☐ Þá eina má tilnefna í hóp sérfróðra meðdómsmanna sem hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, njóta íslensks ríkisborgararéttar, eru lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið.~~gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

☐ Tilnefningin fellur sjálfkrafa niður ef sá sem tilnefndur er missir almennt hæfi sitt skv. 3. mgr. Jafnframt getur dómstólasýslan fellt tilnefninguna niður ef veigamiklar ástæður mæla með því eða sá sem tilnefndur er óskar þess.

☐ Sá sem tilnefndur hefur verið í hóp sérfróðra meðdómsmanna skal undirrita drengskaparheit um að hann muni jafnan gegna slíkum störfum af samviskusemi og óhlutdrægni og fara í öllu að lögum.

8. gr. lög um meðferð einkamála

■ **3. gr.**

☐ 1. Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn sem hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, njóta íslensks ríkisborgararéttar, eru lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið.~~gerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

☐ 2. Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa meðdómsmanns. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, [starfsmenn Hæstaréttar], [1] [landsréttardómara, starfsmenn Landsréttar], [2] ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum [og skráðum lífsskoðunarfélögum], [3] umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra eða lögmenn og fulltrúa þeirra. Forstöðumanni ríkisstofnunar eða starfsmanni í heilbrigðisþjónustu verður heldur ekki gert að taka sæti meðdómsmanns ef sakarefnið varðar stofnun sem hann starfar við.

☐ [3. Um val á sérfróðum meðdómsmönnum að öðru leyti fer eftir lögum um dómstóla.] [2]

[1] *L. 15/1998, 36. gr.* [2] *L. 49/2016, 3. gr.* [3] *L. 6/2013, 14. gr.*

9. gr. lög um meðferð einkamála

■ **81. gr.**

☐ 1. Til að birta stefnur, kvaðningar og aðrar tilkynningar skipar sýslumaður a.m.k. einn mann í hverju

sveitarfélagi í umdæmi sínu og annan til vara til að gegna þeim störfum í forföllum. Enginn má víkjast undan skipun sem fullnægir skilyrðum 2. mgr.

☐ 2. Ekki má skipa mann stefnuvott nema hann sé orðinn 25 ára að aldri, ~~hafi óflekkað mannorð~~ og sé svo heill og hraustur að hann geti gegnt starfanum. Hann má ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ 3. Áður en stefnuvottur tekur til starfa skal hann undirrita drengskaparheit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni rækja starfann af trúmennsku og samviskusemi.

☐ 4. [Ráðherra] [1] skal setja gjaldskrá vegna starfa stefnuvotta.

[1] *L. 162/2010, 126. gr.*

10. gr. lög um meðferð sakamála

■ **4. gr.**

☐ Þá eina má kveðja til setu í dómi sem sérfróða meðdómsmenn er hafa nægilegan þroska og andlegt og líkamlegt heilbrigði, eru íslenskir ríkisborgarar, lögráða og orðnir 25 ára, hafa forræði á búi sínu og hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framiðgerst sekir um refsivert athæfi sem má telja svívirðilegt að almenningsáliti né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

☐ Hverjum þeim sem fullnægir skilyrðum 1. mgr. er skylt að verða við kvaðningu til starfa sem sérfróður meðdómsmaður. Þetta gildir þó ekki um hæstaréttardómara, starfsmenn Hæstaréttar, [landsréttardómara, starfsmenn Landsréttar], [1] héraðsdómara og aðstoðarmenn þeirra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, biskupa, presta og forstöðumenn í viðurkenndum trúfélögum [og skráðum lífsskoðunarfélögum], [1] umboðsmann Alþingis, ríkissaksóknara, héraðssaksóknara, sýslumenn, tollstjóra og lögreglustjóra og löglærða starfsmenn þeirra [eða] [1] lögmenn og fulltrúa þeirra.

☐ [Um val á sérfróðum meðdómsmönnum að öðru leyti fer eftir lögum um dómstóla.] [1]

[1] *L. 49/2016, 34. gr.*

11. gr. lög um landsdóm

■ **3. gr.**

☐ Enginn er kjörgengur í landsdóm samkvæmt b-lið 2. gr., nema hann fullnægi eftirgreindum skilyrðum:

1. Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en sjötugur.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Hafi ekki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.~~Hafi óflekkað mannorð.~~
4. Hafi íslenskan ríkisborgararétt.
5. Eigi heimili á Íslandi.
6. Sé eigi alþingismaður eða starfsmaður í stjórnarráðinu.

☐ Skylt er bæði konum og körlum, sem kjörgeng eru, að taka kjöri í landsdóm.

☐ Enginn, sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum, má sitja í landsdómi.

☐ Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.

12. gr. lög um samningsbundna gerðardóma

■ **6. gr.**

☐ Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið. ~~Þeir skulu hafa óflekkað mannorð~~.

☐ Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

☐ Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til [æðri dóms]. [1)]

[1)] *L. 117/2016, 30. gr.*

13. gr. lög um skipti á dánarbúum

■ **18. gr.**

☐ Nú er krafist skrásetningar og eftir atvikum mats á eignum dánarbús og þær eru varðveittar utan umdæmis þess sýslumanns sem kröfunni er beint til og getur hann þá falið sýslumanninum í því umdæmi, þar sem eignirnar er að finna, að annast verkið.

☐ Sé þess krafist að eignir verði að einhverju leyti eða öllu metnar til verðs skal sá sýslumaður, sem í hlut á, tilnefna matsmann áður en lengra er haldið. Ef krafist er mats á eign sem sérþekkingu þarf til að meta skal sýslumaður tilnefna sérfróðan mann. Heimilt er sýslumanni að tilnefna fleiri en einn matsmann og skipta með þeim verkum þannig að hver þeirra meti tilteknar eignir. Sýslumaður skal geta tilnefningar í gerðabók en hafi hlutaðeigandi ekki áður gegnt hlutverki matsmanns skal hann undirrita heit, sem sýslumaður varðveitir, um að hann muni gegna starfinu af samviskusemi og óhlutdrægni.

☐ Matsmenn skv. 2. mgr. bera skyldur sem opinberir starfsmenn og má tilnefna þá eina til starfans sem eru fjárráða og hafa forræði á búi sínu, ~~óflekkað mannorð~~ og þá almennu þekkingu sem þarf til óaðfinnanlegrar rækslu starfans. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið. Um hæfi þeirra til matsstarfa gilda ákvæði réttarfarslaga um hæfi matsmanna eftir því sem átt getur við.

☐ Heimilt er sýslumanni að fela matsmanni, umboðsmanni sínum eða öðrum starfsmanni að annast skrásetningu eigna.

14. gr. lög um skipti á dánarbúum

■ **46. gr.**

☐ Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til opinberra skipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um opinber skipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

☐ Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. ~~hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningsáliti eða~~

hafi hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið né orðið sannur að athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,

5. hafi lokið embættisprófi í lögum eða hafi annars þá þekkingu á lögum sem verður talin nauðsynleg til rækslu starfans,

6. eigi hvorki sjálfur kröfu til arfs úr búinu eða aðra kröfu á hendur því né maki hans né skyldmenni hans eða maka hans í beinan legg eða 1. lið til hliðar.

☐ Hafi sá látni tilnefnt ákveðinn mann í erfðaskrá til að framkvæma skipti eftir sig skal sá skipaður skiptastjóri, enda fullnægi hann skilyrðum 2. mgr. Hafi sá látni tilnefnt fleiri menn en einn til að framkvæma skiptin í sameiningu skulu þeir báðir eða allir skipaðir til starfans ef ætla má að skiptin verði umfangsmikil eða aðrar sérstakar ástæður mæla með því, en annars skal héraðsdómari skipa einn eða fleiri úr þeirra hópi.

☐ Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 47. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað.

☐ Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki fyrir að hann hafi ábyrgðartryggingu vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.

☐ Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

15. gr. lög um gjaldþrotaskipti

■ **75. gr.**

☐ Þegar héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú sé tekið til gjaldþrotaskipta skipar hann skiptastjóra til að fara með skiptin með bókun í þingbók. Sé krafa um gjaldþrotaskipti fyrst tekin til greina fyrir æðra dómi skipar héraðsdómari skiptastjóra svo fljótt sem þau úrslit verða honum kunn.

☐ Engan má skipa í starf skiptastjóra nema hann lýsi sig fúsan til að taka starfann að sér og:

1. sé orðinn 25 ára gamall,
2. sé lögráða og hafi ekki misst forræði á búi sínu,
3. sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt starfanum,
4. hafi hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið né orðið sannur að ~~hafi ekki orðið sannur að refsiverðu athæfi sem verður talið svívirðilegt að almenningsáliti eða~~ athæfi sem gerir hann óverðugan nauðsynlegs trausts til að geta gegnt starfanum,
5. hafi lokið embættisprófi í lögum,
6. yrði ekki vanhæfur sem dómari í einkamáli sem þrotamaðurinn eða sá sem á kröfu á hendur þrotabúinu ætti aðild að eða, ef félag eða stofnun er til gjaldþrotaskipta, í einkamáli sem stjórnarmenn eða starfsmenn sem hafa haft daglega stjórn félagsins eða stofnunarinnar með höndum ættu aðild að.

☐ Ef sýnt þykir að störf skiptastjóra verði umfangsmikil getur héraðsdómari skipað tvo menn eða fleiri til að gegna þeim og má þá víkja frá skilyrði 5. tölul. 2. mgr. um aðra en einn skiptastjórann. Skiptastjórarnir ákveða þá hvernig þeir skipta með sér verkum.

☐ Andist skiptastjóri áður en skiptum er lokið, biðji hann héraðsdómara um lausn frá starfanum eða víki héraðsdómari honum frá skv. 76. gr. skal héraðsdómari tafarlaust skipa annan mann í hans stað. Ef skiptastjórar eru fleiri en einn í þrotabúi og starf eins þeirra losnar má héraðsdómari þó láta ógert að skipa mann í staðinn, en áður skal hann leita afstöðu þess skiptastjóra eða þeirra sem gegna störfum áfram.

☐ Ef í ljós kemur eftir skipun skiptastjóra að hann sé vanhæfur til að leysa af hendi tiltekið verk í starfi sínu vegna fyrirmæla 6. tölul. 2. mgr. án þess að það verði talið varða neinu fyrir rækslu starfans að öðru leyti getur héraðsdómari að ósk hans skipað annan löghæfan mann til að leysa verkið af hendi.
☐ Héraðsdómara er rétt að krefja skiptastjóra um tryggingu eða skilríki um að hann sé ábyrgðartryggður vegna starfans og getur sett honum tiltekinn frest til að setja tryggingu eftir að skipun hefur átt sér stað.
☐ Ákvörðun héraðsdómara um skipun manns í starf skiptastjóra verður ekki skotið til æðra dóms.

16. gr. lög um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði

■ **3. gr.**

☐ Ráðherra skipar sýslumann til fimm ára í senn og setur honum erindisbréf.
☐ Sýslumaður skal, auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins, fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. Hefur náð 30 ára aldri.
b. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.
c. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.
d. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.
e. Hefur hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið ~~Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem sýslumenn verða almennt að njóta.
f. Hefur lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

☐ Ef sýslumanni er veitt lausn frá embætti, leyfi frá störfum eða hann forfallast af öðrum ástæðum getur ráðherra falið öðrum sýslumanni að gegna embættinu til allt að eins árs í senn og skal [ráðherra] [1)] ákveða þóknun vegna þess. Ráðherra getur einnig sett annan mann sem fullnægir skilyrðum 2. mgr. til að gegna embættinu um stundarsakir í forföllum sýslumanns, þó aldrei lengur en til eins árs.
☐ Ráðherra getur ákveðið að fela sýslumanni eða fulltrúa hans embættisverk annars sýslumanns.

[1)] *L. 130/2016, 8. gr.*

17. gr. lögreglulög

■ **28. gr.** ***[Veiting starfa í lögreglu.***

☐ 1. [Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra til fimm ára í senn. Ráðherra er heimilt að skipa aðstoðarríkislögreglustjóra, sbr. 4. mgr. 5. gr., og aðstoðarlögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum til fimm ára í senn, sbr. 5. mgr. 6. gr.
☐ 2. Ríkislögreglustjóri, aðstoðarríkislögreglustjóri, lögreglustjórar [og] [1)] aðstoðarlögreglustjórar sem eru staðgenglar lögreglustjóra … [1)] skulu auk almennra hæfisskilyrða til þess að hljóta skipun í embætti á vegum ríkisins jafnframt fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. hafa náð 30 ára aldri,
b. hafa íslenskan ríkisborgararétt,
c. vera svo á sig komnir andlega og líkamlega að þeir geti gegnt embættinu,
d. vera lögráða og hafa aldrei misst forræði á búi sínu,
e. hafa hvorki hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið ~~hafa hvorki gerst sekir um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti~~ né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglustjórar verða almennt að njóta,

f. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt.

☐ 3. Nú eru fleiri en einn aðstoðarlögreglustjóri við embætti og skal þá einn þeirra vera staðgengill lögreglustjóra. Þeir aðstoðarlögreglustjórar sem ekki eru staðgenglar lögreglustjóra skulu fullnægja skilyrðum a–e-liða 2. mgr. til skipunar í embætti, auk eftirtalinna skilyrða um menntun og starfsreynslu:

a. hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi, eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt, eða lokið námi frá Lögregluskóla ríkisins [eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, sbr. ákvæði laga um háskóla, nr. 63/2006, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar], [1] svo og stjórnunarnámi eða öðru sambærilegu námi,

b. hafa í þrjú ár gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi eða verið stjórnandi innan lögreglunnar, en leggja má saman starfstíma í þessum greinum.

☐ 4. Lögreglustjóri skipar yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna til fimm ára í senn og aðra lögreglumenn til starfa innan embættis síns með sama hætti til fimm ára í senn að fenginni umsögn hæfnisnefndar, sbr. f-lið 2. mgr. 5. gr. Hver sá sem er skipaður lögreglumaður skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins [eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar]. [1] Til að staðreyna hvort viðkomandi uppfyllir skilyrði e-liðar 2. mgr. er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu. Ráðherra setur í reglugerð [2] nánari fyrirmæli um starfsstig innan lögreglunnar. Um öflun málaskráruppplýsinga, þar á meðal umfang upplýsingaöflunarinnar, fræðslu til umsækjenda og starfsmanna í aðdraganda uppflettingar og andmælarétt þeirra, skal nánar mælt fyrir í reglugerð.] [3]

☐ 5. Ríkislögreglustjóri getur heimilað lögreglustjórum að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið [prófi frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómaprófi í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar, enda fullnægi hann skilyrðum í a-, b-, c-, d- og e-lið 1. mgr. 38. gr. og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins eða diplómapróf í lögreglufræðum sem jafngildir a.m.k. 120 stöðluðum námseiningum, þ.m.t. starfsnám á vegum lögreglunnar, er tiltækur í stöðuna]. [1]] [4]

[1] *L. 61/2016, 4. gr.* [2] *Rg. 1051/2006, sbr. 1043/2013.* [3] *L. 51/2014, 7. gr.* [4] *L. 46/2006, 5. gr.*

18. gr. lögreglulög

■ **[28. gr. a. *Heimild til að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.***

☐ Engan má skipa, setja eða ráða til starfa hjá lögreglu sem hefur ~~gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsáliti~~hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið eða sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem starfsmenn lögreglu verða almennt að njóta. Til þess að staðreyna þetta er lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrám lögreglu.] [1]

[1] *L. 51/2014, 8. gr.*

19. gr. lög um lögmenn og 20. gr. lög um lögmenn

■ **6. gr.**

☐ [Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum] [1] má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,

2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,

3. Hefur aldrei hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknað,~~hefur óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis~~,

4. [hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla], [2)]

5. stenst prófraun skv. 7. gr.

☐ Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár.

☐ Víkja má frá skilyrði 3. tölul. 1. mgr. að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands þegar 5 ár eru liðin frá því að afplánun lauk að fullu en þó ekki ef eðli brotsins og háttsemi umsækjanda er til þess fallin að rýra það traust sem lögmenn þurfa að njóta. Við matið skal líta til eðlis brotsins, m.a. þeirra hagsmuna sem brotið var gegn, ásetnings umsækjanda, hvort brotið hafi verið framið í atvinnustarfsemi og þess tjóns sem brotið olli. Þá skal einnig meta háttsemi umsækjanda frá því að afplánun lauk, þá einkum hvort umsækjandi hafi ólokin mál í refsivörslukerfinu.

☐ Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi nægja þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

☐ [[Ráðherra] [3)] er heimilt að setja í reglugerð [4)] fyrirmæli um undanþágu frá skilyrði 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.] [2)]

☐ [Erlendum lögmönnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. má veita héraðsdómslögmannsréttindi. [Ráðherra] [3)] setur nánari reglur [5)] um veitingu réttindanna.] [2)]

[1)] *L. 117/2016, 55. gr.* [2)] *L. 93/2004, 4. gr.* [3)] *L. 162/2010, 155. gr.* [4)] *Rg. 900/2004.* [5)] *Rg. 896/2004, sbr. 355/2007.*

21. gr. lög um lögmenn

16. gr.

☐ [Hafi [sýslumaður] [1)] lýst réttindi lögmanns óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir skulu þau lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra. Hafi réttindi lögmanns verið felld niður skv. 4. mgr. 13. gr. skal að auki leita staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings.

☐ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir [sýslumaður] [1)] að fengnum meðmælum Lögmannafélags Íslands.] [2)]

☐ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi skv. 68. gr. almennra hegningarlaga er honum heimilt þegar 5 ár eru liðin frá því að afplánun lauk að fullu að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála hvort fella skuli niður réttindasviptinguna. Við mat á því hvort fella skuli niður réttindasviptinguna skal dómari líta til þess hvort eðli brotsins og háttsemi umsækjanda sé til þess fallin að rýra það traust sem lögmenn þurfa að njóta sbr. 3. mgr. 6. gr. þessara laga.

[1)] *L. 145/2013, 17. gr.* [2)] *L. 93/2004, 11. gr.*

22. gr. lög um almennar íbúðir

■ **22. gr.** ***Húsnæðismálasjóður.***

☐ Starfræktur skal sérstakur Húsnæðismálasjóður sem hefur það að markmiði að stuðla að sjálfbærni almenna íbúðakerfisins. Húsnæðismálasjóður starfar samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Ráðherra hefur yfirumsjón með starfsemi sjóðsins.

☐ Ráðherra skipar fjóra menn í stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Heildarsamtök atvinnurekenda tilnefna einn stjórnarmann, heildarsamtök launafólks tilnefna sameiginlega einn stjórnarmann, Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn stjórnarmann og ráðherra skipar einn stjórnarmann án tilnefningar. Ráðherra skipar formann stjórnar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir á sama hátt.

☐ Stjórnarmenn og varamenn skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir ~~skulu hafa óflekkað mannorð og~~ mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða staðgreiðslu opinberra gjalda. Þeir mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Eigendur almennra íbúða skulu greiða sjóðnum:

1. Endurgreiðslur á stofnframlögum ríkisins, ef við á, sbr. 4. mgr. 16. gr.
2. 50% af leigugreiðslum af almennum íbúðum, eftir að dreginn hefur verið frá kostnaður vegna reksturs þeirra, að meðtöldum framlögum í viðhaldssjóð og öðrum viðhaldskostnaði, þegar lán sem upphaflega voru tekin til fjármögnunar á kaupum eða byggingu þeirra hafa verið greidd upp og stofnframlög endurgreidd, ef við á. Þrátt fyrir 1. málsl. skal ekki greiða í sjóðinn þegar lán skv. 1. málsl. eru endurfjármögnuð enda haldist veðhlutfall íbúðarinnar óbreytt eða lægra.
3. Hagnað af sölu almennra íbúða nema í þeim tilvikum þegar andvirði almennrar íbúðar sem er seld er notað til kaupa á íbúðarhúsnæði sem nota á í sama tilgangi, sbr. 1. mgr. 16. gr.
4. Söluvirði almennrar íbúðar samkvæmt mati óhlutdrægs aðila að frádregnum áhvílandi lánum og kröfum um endurgreiðslu stofnframlaga þegar svo á við sem í 2. mgr. 16. gr. greinir.
5. Andvirði eigna sem eftir standa við slit eigandans þegar skuldir hafa verið greiddar og stofnframlög ríkis og sveitarfélaga endurgreidd.

☐ Fjármunir sjóðsins skulu nýttir til að standa undir stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga í samræmi við III. kafla og veita styrki skv. 6. mgr. Endurgreiddum stofnframlögum ríkisins skal þó haldið aðgreindum frá öðrum fjármunum sjóðsins og aðeins varið til að standa undir stofnframlögum ríkisins.

☐ Aðilar skv. 1. og 2. mgr. 10. gr. geta sótt um styrki til Húsnæðismálasjóðs til:

1. Endurbóta og endurbyggingar almennra íbúða, annarra en þeirra sem teljast til almenns viðhalds. Styrkur til hvers verkefnis má í mesta lagi nema 60% af kostnaði við verkefnið sem sótt er um styrk til.
2. Rekstraraðstoðar, ef eigandi almennra íbúða er í fjárhagsvanda og fyrirsjáanlegt er að hann getur ekki staðið í skilum án styrkjanna.

☐ Eigendur almennra íbúða eiga forgangsrétt til stofnframlaga og styrkja skv. 1. málsl. 5. mgr. sem nema 60% af þeim fjármunum sem viðkomandi aðili hefur greitt til sjóðsins skv. 2. og 3. tölul. 4. mgr.

☐ Ráðherra setur með reglugerð frekari ákvæði um starfsemi Húsnæðismálasjóðs, þar á meðal greiðslur í sjóðinn, og úthlutun styrkja að fenginni umsögn stjórnar sjóðsins.

23. gr. lög um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða

■ **16. gr.** ***Stjórn, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri.***

☐ Stjórn starfsendurhæfingarsjóðs skal skipuð að lágmarki fimm stjórnarmönnum og jafnmörgum til vara. Stjórnin fer með yfirstjórn sjóðsins og ber ábyrgð á starfseminni í samræmi við lög þessi og samþykktir (skipulagsskrá) sjóðsins. Stjórnartími skal vera fjögur ár nema annað sé ákveðið í samþykktum (skipulagsskrá).

☐ Hlutverk stjórnar starfsendurhæfingarsjóðs er meðal annars að:

1. Móta stefnu sjóðsins.
2. Annast ráðningu framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans samkvæmt sérstöku erindisbréfi.
3. Setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, svo sem um rekstur, iðgjöld, þjónustuna sem starfsendurhæfingarsjóðurinn veitir og ráðstöfun fjármuna.
4. Fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi starfsemi sjóðsins.
5. Sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins.
6. Móta innra eftirlit sjóðsins með samstarfsaðilum og skjalfesta eftirlitsferla.
7. Gera tillögur að breytingum á samþykktum (skipulagsskrá).
8. Boða til ársfundar fyrir lok júní ár hvert.
9. Gera tillögu til ársfundar um val á endurskoðanda.
10. Láta fara fram reglulega úttekt skv. 2. mgr. 15. gr. á fjárhag, skuldbindingum og starfsemi sjóðsins.
11. Semja ársreikning ásamt framkvæmdastjóra, sbr. 20. gr., sem og skýrslu stjórnar, sbr. 21. gr., fyrir hvert reikningsár.
12. Skera úr ágreiningsmálum er lúta að ákvörðunum um veitingu þjónustu sem teknar eru á grundvelli mats skv. 1. mgr. 11. gr.

☐ Halda skal gerðabók um það sem gerist á fundum stjórnar. Fundargerðir skal bera upp á fundum stjórnar og skulu stjórnarformaður og framkvæmdastjóri undirrita fundargerðirnar.

☐ Stjórnarmenn í stjórn starfsendurhæfingarsjóðs skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi, ~~hafa óflekkað mannorð~~ og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld. Um hæfi stjórnarmanna starfsendurhæfingarsjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.

☐ Fulltrúaráð ákveður þóknun stjórnarmanna.

☐ Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og þeim fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri einungis gert samkvæmt heimild frá stjórn sjóðsins.

☐ Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í tengdum rekstri. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í rekstri þar sem viðkomandi og maki hans, barn hans eða nákomnir ættingjar hans hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar. Einstaklingur telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í fyrirtæki.

☐ Um hæfi framkvæmdastjóra fer skv. 4. mgr. Framkvæmdastjóri getur ekki verið stjórnarformaður starfsendurhæfingarsjóðs.

24. gr. lög um húsnæðismál

■ **[8. gr. a.** ***Hæfisskilyrði stjórnarmanna og forstjóra.***

☐ Stjórnarmenn og forstjóri Íbúðalánasjóðs skulu vera lögráða og ~~hafa óflekkað mannorð auk þess sem~~ þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu 10 árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá menntunarkröfum skv. 1. málsl. á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Jafnframt skulu stjórnarmenn og forstjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt, m.a. hafa þekkingu á þeirri starfsemi sem Íbúðalánasjóður stundar. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir muni hugsanlega misnota aðstöðu sína eða skaða sjóðinn. Fjármálaeftirlitið setur reglur [1] um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og forstjóra og hvernig skuli staðið að hæfismati.

☐ Stjórnarmenn Íbúðalánasjóðs mega hvorki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða aðila sem er í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða aðila í nánum tengslum við hann.

☐ Stjórnarmenn Íbúðalánasjóðs mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir fjármálafyrirtæki. Starfsmönnum Íbúðalánasjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn sjóðsins.

☐ Íbúðalánasjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og forstjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að unnt sé að meta hvort skilyrðum ákvæðis þessa sé fullnægt.] [2]

[1] *Rgl. 181/2013.* [2] *L. 84/2012, 3. gr., sbr. einnig 19. gr. í s.l.*

25. gr. lög um húsnæðissamvinnufélög

■ **6. gr.** ***[Stjórn, stjórnarmenn og framkvæmdastjóri.***

☐ Stjórn húsnæðissamvinnufélags verður að hámarki kjörin til fjögurra ára í senn.

☐ Heimilt er að ákveða í samþykktum húsnæðissamvinnufélags að aðrir en félagsmenn séu kjörgengir í stjórn þess.

☐ Hlutverk stjórnar húsnæðissamvinnufélags er m.a. að:

a. Móta stefnu félagsins.

b. Halda skrá yfir félagsaðila sem geyma skal á skrifstofu félagsins og skal hún opin félagsmönnum.

c. Annast ráðningu framkvæmdastjóra, ákveða laun og ráðningarkjör hans samkvæmt sérstöku erindisbréfi.

d. Setja reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar, svo sem um rekstur félagsins, þar á meðal um tilhögun framkvæmda, viðhald og rekstur fasteigna, og ráðstöfun fjármuna.

e. Setja reglur um upplýsingagjöf félagsins til félagsmanna sinna, þar á meðal búseturéttarhafa.

f. Fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi starfsemi félagsins.

g. Sjá um að nægjanlegt eftirlit sé haft með rekstri, bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.

h. Móta innra eftirlit félagsins.

i. Gera tillögur að breytingum á samþykktum og öðrum reglum félagsins og leggja fyrir aðalfund þess.

j. Gera tillögur að breytingum á gjaldaliðum sé kveðið á um það í samþykktum félagsins.
k. Boða til aðalfundar fyrir lok júní ár hvert.
l. Gera tillögu til aðalfundar um val á endurskoðanda.
m. Láta framkvæma reglulega úttekt skv. 6. gr. a á fjárhag, skuldbindingum og starfsemi félagsins.
n. Semja ársreikning ásamt framkvæmdastjóra, sem og skýrslu stjórnar, sbr. 28. gr. a, fyrir hvert reikningsár.

☐ Gerðabók af fundum stjórnar skal aðgengileg félagsmönnum óski þeir eftir því.

☐ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða, fjár síns ráðandi~~, hafa óflekkað mannorð~~ og mega ekki á síðustu þremur árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, hlutafélög, einkahlutafélög, samvinnufélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld.] [1)]

[1)] *L. 29/2016, 6. gr.*

26. gr. lög um endurskoðendur

■ **2. gr.**

☐ Ráðherra veitir réttindi með löggildingu til endurskoðunarstarfa. Til þess að öðlast löggildingu þarf viðkomandi að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

1. eiga lögheimili hér á landi, eða vera ríkisborgari aðildarríkis að Evrópska efnahagssvæðinu, aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyja,
2. vera lögráða og hafa haft forræði á búi sínu síðastliðin þrjú ár,
3. má ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið,~~hafa óflekkað mannorð, svo sem áskilið er til kjörgengis til Alþingis,~~
4. hafa lokið meistaranámi í endurskoðun og reikningsskilum sem viðurkennt er af endurskoðendaráði,
5. hafa staðist sérstakt próf, sbr. 5. gr.,
6. hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrirtæki,
7. hafa starfsábyrgðartryggingu, sbr. 6. gr.

☐ Óski endurskoðandi sem hefur réttindi til endurskoðunarstarfa í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum eftir löggildingu til endurskoðunarstarfa hér á landi skal hann standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

☐ Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt þeim einstaklingum löggildingu til endurskoðunarstarfa sem sanna að þeir hafi lokið námi og staðist próf erlendis, sem telst samsvara kröfum sem gerðar eru í 4., 5. og 6. tölul. 1. mgr. enda uppfylli þeir ákvæði 2., 3., og 7. tölul. sömu málsgreinar. Slíkir aðilar skulu standast sérstakt hæfnispróf í lögum og reglum um skatta- og félagarétt.

☐ Endurskoðendaráð getur veitt einstaklingum sem lokið hafa öðru háskólanámi með endurskoðun sem kjörsvið undanþágu frá ákvæði 4. tölul. 1. mgr. enda telji endurskoðendaráð sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á þeim málefnum sem varða endurskoðendur og störf þeirra.

☐ Áður en löggilding er veitt skal umsækjandi vinna drengskaparheit um að hann muni af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna rækja það starf sem löggildingin veitir honum rétt til að stunda og hlíta lögum og öðrum reglum sem starfið varða.

27. gr. innheimtulög

■ **4. gr.** ***Veiting innheimtuleyfis.***

☐ Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið tekið til gjaldþrotaskipta;

b. hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið;~~hefur óflekkað mannorð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis, sbr. 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis~~;

c. býr yfir nægilegri þekkingu eða starfsreynslu til að geta gegnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt;

d. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;

e. er ekki í vanskilum með vörsluskatta.

☐ Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi skilyrðum 1. mgr. Lögaðilinn skal fullnægja skilyrðum a- og e-liðar 1. mgr.

28. gr. lög um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi

5. gr. ***Skilyrði fyrir veitingu ívilnana.***

☐ Við mat á því hvort veita eigi ívilnun til nýfjárfestingar samkvæmt lögum þessum skal eftirfarandi skilyrðum vera fullnægt:

a. að stofnað sé sérstakt félag um fjárfestingarverkefnið á Íslandi; íslenskt útibú eða umboðsskrifstofa félags sem skráð er í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið telst sérstakt félag,

b. að fyrir liggi greinargóðar upplýsingar um viðkomandi fjárfestingarverkefni, þá aðila sem að því standa, stærð viðkomandi fjárfestingarverkefnis, sbr. 6.–8. tölul. 3. gr., og upplýsingar um hvernig fjármögnun verður háttað,

c. að fyrirhugað fjárfestingarverkefni sé ekki hafið áður en undirritaður er samningur um ívilnun skv. 14. gr.,

d. að sýnt sé fram á að veiting ívilnunar sé forsenda þess að fjárfestingarverkefnið verði að veruleika hér á landi,

e. að a.m.k. 75% af fjárfestingarkostnaði séu fjármögnuð án ríkisaðstoðar og þar af séu að lágmarki 20% fjármögnuð af eigin fé þess aðila sem sækir um ívilnun,

f. að árleg velta fyrirhugaðs fjárfestingarverkefnis sé a.m.k. 300 millj. kr. eða að nýfjárfesting skapi a.m.k. 20 ársverk hjá umsóknaraðila við rekstur fjárfestingarverkefnis á fyrstu tveimur árum þess,

g. að fyrir liggi arðsemisútreikningar, sbr. 12. gr.,

h. að sýnt sé fram á að fyrirhuguð fjárfesting sé í samræmi við 1. gr.; í því samhengi skal taka tillit til áhrifa viðkomandi nýfjárfestingarverkefnis á atvinnusköpun, byggðaþróun, útflutning, skatttekjur, nýsköpun og útbreiðslu nýrrar tækni og þekkingar,

i. að um nýfjárfestingu sé að ræða og að tæki og búnaður sem kemur til vegna hennar sé nýr eða nýlegur og uppfylli skilyrði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir,

j. að viðkomandi nýfjárfesting verði eftir að rekstur hefst að lágmarki til 10 ára í starfrækslu á viðkomandi svæði á Íslandi,

k. að fyrir liggi upplýsingar um hvort fjárfestingarverkefnið sé háð umhverfismati samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000,

l. að starfsemi félags sem nýtur ívilnunar sé að öllu leyti í samræmi við íslensk lög og stjórnvaldsfyrirmæli og starfsemin brjóti ekki í bága við almennt velsæmi,

m. að ekki séu fyrir hendi hjá viðkomandi félagi eða eigendum þess vangreiddir skattar eða gjöld til ríkis eða sveitarfélaga hér á landi eða endurgreiðslukrafa skv. 3. mgr. 31. gr. samkeppnislaga, nr.

44/2005, og að viðkomandi félag sé ekki í fjárhagslegum erfiðleikum eða fjárhagslegri endurskipulagningu í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til endurskipulagningar eða björgunar fyrirtækja,

n. að eigendur sem fara með virkan eignarhlut og framkvæmdastjóri viðkomandi félags séu lögráða, ~~hafi óflekkað mannorð og~~ og hafi orðspor sem samrýmist reglum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti; þeir skulu ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota á síðustu fimm árum; þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu fimm árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda; Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið..

29. gr. Samkeppnislög

■ **7. gr.**

☐ Stjórnarmenn skulu hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og menntun sem nýtist á þessu sviði.

☐ Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og reynslu á sviði samkeppnismála.

☐ Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir ~~skulu hafa óflekkað mannorð og~~ mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga eða gjaldþrot eða samkeppnislögum. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Stjórnarmenn og forstjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

30. gr. Lög um fjölmiðla

■ **8. gr.** ***Skipan fjölmiðlanefndar.***

☐ [Ráðherra] [1] skipar fimm manns í fjölmiðlanefnd til fjögurra ára í senn. Tveir fulltrúar skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands, einn samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins og einn samkvæmt tilnefningu Blaðamannafélags Íslands en þann fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og skal hann uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Varaformann skal skipa úr hópi fastra nefndarmanna. Aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra skulu hafa sérþekkingu á fjölmiðlamálum, reynslu eða menntun sem nýtist á þessu sviði. Um hæfi nefndarmanna fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ráðherra ákvarðar þóknun nefndarmanna.

☐ Nefndarmenn skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi. Þeir ~~skulu hafa óflekkað mannorð og~~ mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða sérrefsilagaákvæðum. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Fjölmiðlanefnd setur sér starfsreglur [2] sem skulu birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

[1] *L. 126/2011, 541. gr.* [2] *Starfsrgl. 1363/2011*.

31. gr. Lög um innistæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta

■ **4. gr.** ***Stjórn og framkvæmdastjóri.***

☐ Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum til tveggja ára í senn. Viðskiptabankar tilnefna tvo menn í stjórn sjóðsins, sparisjóðir einn mann, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og aðrir sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf sameiginlega einn mann og [ráðherra] [1]tvo menn. [Ráðherra] [1] tilnefnir jafnframt fulltrúa innstæðueigenda og fjárfesta sem áheyrnaraðila með málfrelsi og tillögurétt í stjórn sjóðsins og skal hann uppfylla sömu kröfur og stjórnarmenn. [Ráðherra] [1] skipar formann stjórnar. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

☐ Stjórn sjóðsins er heimilt að ráða framkvæmdastjóra við sjóðinn eða semja við lögaðila um rekstur og vörslu hans. Lögaðilinn getur verið Seðlabanki Íslands og vörslufyrirtæki samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

☐ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir ~~skulu hafa óflekkað mannorð og~~ mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Stjórnarmenn og starfsmenn sjóðsins eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

☐ Stjórn sjóðsins skal á tveggja ára fresti, eða oftar ef ástæða þykir til, gera ráðherra grein fyrir afstöðu sinni til lágmarkseignar sjóðsins skv. 6. og 7. gr. Nánar skal kveðið á um verkefni stjórnar sjóðsins í samþykktum hans.

32. gr. Lög um kauphallir

■ **11. gr.** ***Stjórn og framkvæmdastjóri.***

☐ Stjórn kauphallar skal skipuð eigi færri en fimm mönnum.

☐ Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu vera lögráða ~~og hafa óflekkað mannorð~~. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, þessum lögum eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn og framkvæmdastjóri búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið.

☐ Kauphöll skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á skipan stjórnar eða framkvæmdastjóra. Tilkynningu skal senda áður en breytingin á sér stað, eftir því sem kostur er, og innihalda fullnægjandi upplýsingar til að mat verði lagt á hæfi nýs stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra samkvæmt þessari grein.

☐ Fjármálaeftirlitið skal hafna því að nýir stjórnarmenn taki sæti eða framkvæmdastjóri hefji störf ef ætla má að breytingin sé skaðleg fyrir rekstur skipulegs verðbréfamarkaðar.

☐ Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar skipulegs verðbréfamarkaðar teljast hæfir til að stýra markaðstorgi fjármálagerninga (MTF).

33. gr. Lög um landsvirkjun

■ **[5. gr.]**[1)]

☐ [[Ráðherra] [2)] skipar stjórn Landsvirkjunar á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn skal fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Hana skulu skipa fimm menn og jafnmargir til vara. [Tryggt skal að í stjórn fyrirtækisins sé hlutfall hvors kyns ekki lægra en 40%.] [3)]

☐ Stjórnarmenn, aðal- og varamenn, skulu vera lögráða, bú þeirra skal ekki hafa verið tekið til gjaldþrotaskipta, ~~þeir skulu hafa óflekkað mannorð~~ og skulu í störfum sínum eingöngu hafa að leiðarljósi hagsmuni Landsvirkjunar. Þeir mega ekki, hvorki beint né óbeint, inna af hendi nokkurt starf, taka við greiðslu eða hafa nokkurra hagsmuna að gæta í öðrum orkufyrirtækjum eða fyrirtækjum tengdum orkustarfsemi sem leitt geta til árekstra við hagsmuni Landsvirkjunar. [Formaður stjórnar skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem stjórn felur honum að vinna fyrir sig.] [3)]] [4)] Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

[1)] *L. 154/2006, 6. gr.* [2)] *L. 126/2011, 97. gr.* [3)] *L. 49/2011, 2. gr.* [4)] *L. 154/2006, 7. gr.*

34. gr. Lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

■ **6. gr.** ***Hæfi.***

☐ Stjórnarmenn skulu búa yfir þekkingu á fjármagnsmarkaði og hafa haldgóða menntun sem nýtist á þessu sviði. Gæta skal þess við skipun stjórnar að starfsreynsla og menntun stjórnarmanna sé sem fjölbreyttust.

☐ Forstjóri skal hafa menntun á háskólastigi og búa yfir víðtækri þekkingu og starfsreynslu á fjármagnsmarkaði.

☐ Stjórnarmenn og forstjóri skulu vera lögráða og mega aldrei hafa verið sviptir forræði á búi sínu. Þeir mega ekki hafa hlotið dóm á næstliðnum 10 árum fyrir fjármunabrot samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum á sviði fjármálamarkaðar eða öðrum lögum sem varða starfsemi félaga, eða sætt íþyngjandi stjórnvaldsviðurlögum sem einstaklingur eða fyrirsvarsmaður lögaðila á framangreindum sviðum. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.~~Þeir skulu hafa óflekkað mannorð og mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða þeim sérlögum sem gilda um eftirlitsskylda aðila.~~

☐ Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn mega ekki vera stjórnendur, starfsmenn, endurskoðendur, lögmenn eða tryggingastærðfræðingar eftirlitsskyldra aðila.

☐ Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í og snerta hina eftirlitsskyldu aðila. Sama gildir um þátttöku í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.

☐ Ráðherra setur reglur [1)] um viðskipti stjórnarmanna, forstjóra og starfsmanna við eftirlitsskylda aðila. Þar skal meðal annars kveðið á um takmarkanir á heimildum til að vera í fjárhagslegum skuldbindingum gagnvart eftirlitsskyldum aðilum eða eiga hlut í þeim.

[1)] *Rgl. 130/2014.*

35. gr. Lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa

■ **4. gr.**

☐ Stjórnarmenn í verðbréfamiðstöð skulu vera þrír hið fæsta og skulu þeir vera búsettir hér á landi, vera lögráða, ~~hafa óflekkað mannorð~~, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðum, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. [Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem búsettir eru í aðildarríki stofnsamningsins eða Færeyinga sem búsettir eru í Færeyjum.] [1] Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

[1] *L. 108/2006, 89. gr.*

36. gr. Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

■ **31. gr.**

☐ [Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lífeyrissjóða skulu vera lögráða, fjárhagslega sjálfstæðir, ~~hafa óflekkað mannorð~~ og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrotaskipti o.fl. eða ákvæðum laga er varða opinber gjöld, svo og sérlögum um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi. Þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Fjármálaeftirlitið setur reglur [1] um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra.

☐ Stjórnarmenn í lífeyrissjóðum mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann né vera starfsmenn eða endurskoðendur annars eftirlitsskylds aðila eða aðila í nánum tengslum við hann. Stjórnarmenn lífeyrissjóðs mega ekki sinna lögmannsstörfum fyrir annan lífeyrissjóð. Starfsmönnum lífeyrissjóðs er ekki heimilt að sitja í stjórn hans.

☐ Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur starfsmaður annars eftirlitsskylds aðila tekið sæti í stjórn lífeyrissjóðs ef hann er kosinn eða skipaður úr hópi sjóðfélaga. Undanþága þessi á þó ekki við um stjórnendur og lykilstarfsmenn eftirlitsskyldra aðila eða ef hinn eftirlitsskyldi aðili annast rekstur lífeyrissjóðs eða eignastýringu hans að hluta eða öllu leyti. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði eða dragi úr trúverðugleika stjórnar lífeyrissjóðs. Skal þar m.a. horft til stöðu þeirra starfsmanna sem um ræðir hjá eftirlitsskyldum aðila.

☐ Til viðbótar framangreindum skilyrðum skulu stjórnarmenn búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

☐ Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og skal hann fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem sjóðstjórn hefur gefið. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt heimild frá sjóðstjórn.

☐ Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

☐ Menntun, starfsreynsla og starfsferill framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs skal vera með þeim hætti að tryggt sé að hann geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.
☐ Lífeyrissjóður skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningar þessar skulu berast Fjármálaeftirlitinu án tafar og þeim skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Fjármálaeftirlitið setur reglur [1] um hvernig staðið skuli að hæfismati.
☐ Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra lífeyrissjóðs til meðferðar máls fer eftir ákvæðum II. kafla stjórnsýslulaga.] [2]

[1] *Rgl. 180/2013.* [2] *L. 122/2011, 2. gr.*

37. gr. Lög um tekjuskatt

■ **85. gr.**
☐ [[Ráðherra] [1] skipar ríkisskattstjóra til fimm ára í senn. Engan má skipa í það embætti nema hann uppfylli eftirgreind skilyrði:

1. ~~Hafi óflekkað mannorð eða~~ hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga. Þá má hann ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Sé íslenskur ríkisborgari.
4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má þó frá ákvæði þessa töluliðar ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf og framkvæmd hennar.

Þá ræður ráðherra vararíkisskattstjóra sem skal fullnægja sömu skilyrðum og ríkisskattstjóri.] [2]

[1] *L. 126/2011, 377. gr.* [2] *L. 136/2009, 11. gr.*

… [1]

[1] *L. 136/2009, 12. gr.*

38. gr. Tollalög

48. gr. *Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*
☐ [Tollstjóri] [1] veitir starfsleyfi til tollmiðlunar að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. þessarar greinar.
☐ Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.
2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, ~~hafa óflekkað mannorð~~, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ef þeir hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið þurfa að hafa liðið fimm ár frá því að afplánun lauk að fullu. [Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.] [2] [Tollstjóra] [3] er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
3. Daglegur stjórnandi tollmiðlunar skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.
4. Starfsmenn tollmiðlara, sem annast gerð tollskýrslna og samskipti við tollyfirvöld vegna þeirra, skulu hafa sótt sérstakt námskeið hjá Tollskóla ríkisins til þess að öðlast fullnægjandi þekkingu á

lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara, þar á meðal tollflokkun, tollskýrslugerð, meðferð ótollafgreiddra vara, ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda og upplýsingum sem veittar eru tollyfirvöldum, og reglum um greiðslufrest aðflutningsgjalda, [ásamt viðeigandi málsmeðferðarreglum]. [4)]

5. Umsækjandi skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.

6. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg.

☐ [Tollstjóri] [1)] skal halda skrá yfir tollmiðlara. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollmiðlun, kalla sig tollmiðlara eða með öðrum hætti gefa til kynna að þau hafi hlotið viðurkenningu ráðherra samkvæmt þessari grein.

☐ Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi tollmiðlun ekki veitt þjónustu sem henni er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

[1)] *L. 147/2008, 2. gr.* [2)] *L. 108/2006, 26. gr.* [3)] *L. 167/2008, 4. gr.* [4)] *L. 33/2015, 16. gr.*

39. gr. Tollalög

Tollvörugeymslur.

■ **91. gr.** ***Skilyrði starfsleyfis.***

☐ Að fenginni skriflegri umsókn getur [tollstjóri] [1)] veitt leyfi til reksturs tollvörugeymslu fyrir ótollafgreiddar vörur í tollhöfn. Leyfi skal veitt þeim einum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum [ótengdum aðilum] [2)] þá þjónustu sem felst í rekstri tollvörugeymslu, en leyfishöfum sjálfum er óheimilt að geyma þar vörur eða stunda þar aðvinnslu á vörum, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu. [Tollstjóra er þó heimilt að veita öðrum starfsleyfi ef leyfishafi uppfyllir kröfur tollstjóra um fullnægjandi aðstöðu og bókhaldslega aðgreiningu og stenst áhættumat.] [2)]Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru að öðru leyti sem hér segir:

1. Umsækjandi skal vera lögaðili.

2. Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, ~~hafa óflekkað mannorð~~, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa hlotið dóm vegna brota á tollalögum [eða] [3)] fyrir fíkniefnabrot. Þeir mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið. [Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.] [4)] [Tollstjóra] [2)] er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

3. Daglegur stjórnandi geymslusvæðis skal fullnægja skilyrðum 2. tölul.

4. Leyfishafi skal setja tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem fyrirtækið kann að verða ábyrgt fyrir vegna starfseminnar. Við ákvörðun á fjárhæð tryggingarinnar skal m.a. höfð hliðsjón af umfangi starfseminnar og gjöldum af þeim vörum sem ætla má að geymdar verði í geymslunni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett í reglugerð.

5. Geymslusvæði skal hafa hlotið viðurkenningu tollstjóra skv. 2. mgr. 72. gr. og liggja vel við affermingu og eftirliti. Upplýsingar um staðsetningu geymslusvæðis og mannvirki tengd því skulu liggja fyrir. Gengið skal þannig frá geymslum að þær verði auðveldlega settar undir lás tollgæslunnar ef nauðsyn ber til vegna tolleftirlits.

6. Leyfishafa geymslusvæðis er skylt að láta tollstjóra í té án endurgjalds fullnægjandi aðstöðu á

geymslusvæðinu til tolleftirlits og rannsóknar á vörum og enn fremur einföld áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til slíks eftirlits að mati tollstjóra.

7. Vél- og hugbúnaður fyrir birgðabókhald skal þannig úr garði gerður að unnt sé á hverjum tíma að staðreyna viðtökudag sendingar, magn í sendingu, staðsetningu hennar, meðferð og ráðstöfun. Jafnframt skal tryggt að tollstjóri eigi ætíð aðgang að birgðabókhaldi geymslusvæðis. Vél- og hugbúnaður skal samþykktur af [tollstjóra]. [1] Honum er heimilt að gera að skilyrði að tollyfirvöld hafi beinlínuaðgang að upplýsingum úr birgðabókhaldi.

8. Leyfishafi skal hafa á að skipa starfsfólki sem hefur fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum um meðferð ótollafgreiddra vara. Sýnt skal fram á að skjalagerð vegna tollmeðferðar, stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna starfseminnar verði með traustum hætti.

9. Hagkvæmniútreikningur vegna reksturs geymslunnar skal liggja fyrir.

☐ [Tollstjóri] [1] skal halda skrá yfir leyfishafa samkvæmt þessari grein. Öðrum fyrirtækjum en þeim sem tekin hafa verið á skrá er óheimilt að starfrækja tollvörugeymslu.

☐ Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi leyfishafi ekki veitt þjónustu sem honum er heimilt samkvæmt lögum þessum samfellt í tólf mánuði.

☐ Ráðherra getur með reglugerð [5] sett nánari fyrirmæli um skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis til reksturs geymslusvæða fyrir ótollafgreiddar vörur.

[1] *L. 147/2008, 2. gr.* [2] *L. 167/2008, 5. gr.* [3] *L. 42/2012, 4. gr.* [4] *L. 108/2006, 27. gr.* [5] *Rg. 1100/2006*.

40. gr. Lög um vátryggingastarfsemi nr 100/2016

■ **135. gr.** ***Aðalumboðsmaður.***

☐ Aðalumboðsmaður útibús vátryggingafélags sem hefur höfuðstöðvar utan aðildarríkja og stofnar hér útibú kemur fram fyrir hönd útibúsins í málefnum er varða starfsemina og hefur heimild til að skuldbinda félagið vegna starfsemi þess hér á landi. Umboðsmaðurinn skal vera búsettur hér á landi, vera lögráða, ~~hafa óflekkað mannorð~~ og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot, opinber gjöld eða lögum um vátryggingastarfsemi. Þá má hann ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.

☐ Aðalumboðsmaður skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu skriflega geri eftirlitsstjórnvöld þar sem félagið hefur höfuðstöðvar athugasemdir við starfsemi þess, hafi greiðslustöðvun verið ákveðin, ákvörðun verið tekin um að slíta félaginu eða bú þess tekið til gjaldþrotaskipta.

41. gr. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur

■ **[20. gr.**

☐ [Ráðherra] [1] skipar ríkissáttasemjara til fimm ára í senn. Hann skal vera íslenskur ríkisborgari, fjár síns ráðandi og hann má ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef hann var fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.Þess skal gætt að afstaða hans sé slík að telja megi hann óvilhallan í málum launafólks og atvinnurekenda.

☐ [Ráðherra ræður einnig vararíkissáttasemjara og skal hann fullnægja sömu skilyrðum og ríkissáttasemjari.] [2]

☐ Vararíkissáttasemjari tekur við störfum ríkissáttasemjara þegar hann er forfallaður og er honum til aðstoðar þegar þörf krefur.

☐ Ríkissáttasemjari getur [tilnefnt] [2] aðstoðarsáttasemjara til að aðstoða sig við lausn vinnudeilu eða

vinna sjálfstætt að lausn einstakrar vinnudeilu. Það er borgaraleg skylda að taka að sér aðstoðarsáttasemjarastarf.
☐ Ef sýnt þykir að vinnudeila hafi mjög alvarlegar afleiðingar getur ríkisstjórnin skipað sérstaka sáttanefnd til að vinna að lausn deilunnar. Skal samráð haft við ríkissáttasemjara og deiluaðila áður en sáttanefnd er skipuð.
☐ Vararíkissáttasemjari, aðstoðarsáttasemjari og sáttanefndarmenn hafa réttindi og bera skyldur ríkissáttasemjara þegar þeir eru að störfum.
☐ [Kjararáð ákveður laun ríkissáttasemjara.] [3] [Ráðherra] [4] ákveður laun vararíkissáttasemjara og aðstoðarsáttasemjara og þóknun sáttanefndarmanna.] [5]

[1] *L. 126/2011, 14. gr.* [2] *L. 83/1997, 33. gr.* [3] *L. 130/2016, 8. gr.* [4] *L. 162/2010, 1. gr.* [5] *L. 75/1996, 5. gr.*

42. gr. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur

■ **42. gr.**

☐ Dómarar skulu vera íslenskir ríkisborgarar, fjár síns ráðandi ~~og hafa óflekkað mannorð~~ og þá mega þeir ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.Þeir tveir, sem skipaðir eru af hæstarétti, skulu hafa lokið embættisprófi í lögfræði.

43. gr. Lög um stéttarfélög og vinnudeilur

■ **46. gr.**

☐ Málsaðiljar geta gefið íslenskum ríkisborgurum~~, sem eru fjár síns ráðandi og hafa óflekkað mannorð,~~ umboð til að reka mál sín fyrir dómnum. Þeir þurfa að vera fjár síns ráðandi og þeir mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað þar sem refsing var fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi hið minnsta eða öryggisgæsla ef þeir voru fullra 18 ára þegar brotið var framið nema fimm ár hafi liðið frá því að afplánun var að fullu lokið.